Aðlögun námsefnis
Starfsdagur kennsluráðgjafa

Lækjarskóli

Ábyrgð - Virðing - Öryggi

Kristrún Sigurjónsdóttir 2012

Aðlögun námsefnis – gott að hafa í huga

Hver er staða nemandans í íslensku og eigin móðurmáli?

Er til stoðefni, ítarefni sem styður við textann og getur auðveldað skilning?

Draga þarf fram aðalatriði með því t.d. að stytta textann, strika undir o.fl .

Hver eru lykilhugtökin í textanum? Svartletra þau, búa til orðalista, orðabók

Setja myndir inn í textann ef hægt er

Einfalda spurningar í samræmi við einfaldaðan texta

Nota kveikjur til að vekja áhuga nemenda

Hafa verkefni fjölbreytt

Aðlaga þarf próf í samræmi við aðlagað námsefni

Áður en texti er aðlagaður

Hvers vegna ættu nemendur að lesa þennan texta?

Um hvað fjallar textinn og hvernig tengist hann öðru námsefni nemenda?

Hvað vita nemendur nú þegar um efnið?

Hvernig tengist textinn reynsluheimi nemenda?

Hvað get ég gert til að auðvelda nemendum skilning á textanum?

Hvaða orð, hugtök og menningartengdar hugmyndir þarf að kenna áður en nemendur geta tekist á við textann?

(Birna Arnbjörnsdóttir 2000)

Gott að hafa í huga við aðlögun texta

Nota einfaldar tíðir

Forðast að nota þolmynd

Forðast ofnotkun fornafna og ganga úr skugga um að tilvísun sé augljós

Nota boðhátt reglulega þegar um fyrirmæli er að ræða

Nota helst ekki *það* og *þetta* í upphafi setninga. Í stað þess að segja *Það eru mörg börn í skólanum* segið *Mörg börn eru í skólanum*

Reyna að nota stuttar aðalsetningar með orðaröðinni frumlag, sögn, andlag

Nota neikvæðar setningar í eins litlum mæli og unnt er. Notið *ekki* í stað trauðla, varla, tæplega svo dæmi séu tekin

Reyna að velja orð sem hafa skýra merkingu

Mikilvægt er að nemendur læri fljótt hvernig nota megi orðalag eins og *þrátt fyrir*, *vegna þess*, *í fyrsta lagi*, *í öðru lagi* til að auðvelda skilning á lengri texta og til að átta sig á uppbyggingu texta almennt

(Fengið frá Ingibjörgu Hafstað)

Málfræði

Snæfinnur snjókarl

Hjálpsamur fugl

1. Strikaðu undir samhljóðana: r, a, s, í, o, b, g, u, h, n, e, l, k.

2. Strikaðu undir sérhljóðana: p, u, æ, m, i, v, ó, d, æ, þ, a, f, é

Nafnorð eru nöfn eða heiti á öllum hlutum, dauðum eða lifandi og hugmyndum.
Nafnorð skiptast í **sérnöfn** (Ari, Reykjavík) og **samnöfn** (borð, skóli).

3. Strikaðu undir **nafnorðin** í setningunum:
Mýsnar átu ostinn. Í herberginu er borð, stóll og sófi. Þegar vorið kemur bráðnar snjórinn. Við lærum íslensku í skólanum.

4. Strikaðu undir **sérnöfnin** í setningunum.
Dúkkan hennar Lísu heitir Dóra. Sigrún á íbúð í Reykjavík. Komdu með mér niður í Fjörð á eftir, Kalli. Hekla er eldfjall á Íslandi.

Eintala: einn **hestur**, ein **kona**, eitt **borð**.
Fleirtala: margir **hestar**, margar **konur**, mörg **borð**.

5. Strikaðu undir **nafnorðin** sem eru **í fleirtölu**.
Í búðinni voru bæði menn og konur. Börnin horfðu á snjóinn, fjöllin, skýin og himininn út um gluggann. Fuglarnir eiga marga unga.

6. Dragðu hring utan um **nafnorðin** sem eru í **eintölu**.
skóli, dagar, sleði, bíll, hestar, fugl, steinar, stóll, kettir, stelpa, fætur, hönd, krakkar, gluggar, auga, vegur, hundar.

Um veturinn kom mikill snjór. Og dag nokkum, þegar hætti að snjóa, datt börnunum í hug að búa sér til snjókarl. Hann átti að vera fjarska stór. Karl stóri bróðir velti stórum bolta, sem nota átti fyrir skrokk handa karlinum, því að stóri bróðir var sterkastur. Kata litla velti nokkuð stórum bolta, sem nota átti fyrir brjóst handa karlinum. Og Lúlli litli bróðir velti litlum, kringlóttum bolta, sem nota átti fyrir haus handa karlinum. Já, það var nú erfitt!

Orðskýringar: _____

_____

Lýsingarorð lýsa nafnorðum.
Lýsingarorð standa alltaf með nafnorðum:. **stór** (lo.) **bíll** (no.)
eða tengd við nafnorðin með sagnorði: **bíllinn** (no) **er** (so) **stór** (lo).

12. Finndu 5 lýsingarorð (lo) í textanum: _____

_____

Lýsingarorð hafa sérstaka beygingu sem nefnist **stigbreyting** þar sem ein er góð, önnur er betri og sú þriðja best – einn er stór, annar stærri og sá þriðji stærstur – eitt (hús) er hátt annað er hærra og þriðja er hæst. Stig lýsingarorða eru þrjú: **Frumstig**, **miðstig** og **efsta stig**.

13. Nú átt þú að stigbreyta nokkur lýsingarorð.

frumstig	miðstig	efsta stig
stór		
langur	**le**	
heitur		
kaldur		
ungur	**y**	
þungur	**þy**_____	

Spurningar úr textanum

18. Hvað hétu systkinin? _____

19. Hvar vann pabbi þeirra? _____

20. Hver bjó til minnsta snjóboltann? _____

21. Hvers vegna bjó Karl til stærsta snjóboltann? _____

22. Hvað notuðu þau fyrir nef á snjókarlinn? _____

23. Hvað var gamla karfan látin vera? _____

24. Hvað skírðu þau snjókarlinn? _____

25. Bættu við miðstigi og efsta stigi lýsingarorðanna.

	frumstig		miðstig		efsta stig
Þessi bolti er	**stór**	þessi er	_____	en þessi er	_____
Þessi froskur er	**lítill**		_____		_____
	langur		_____		_____
	góður		_____		_____

En þeim brá nú heldur betur, þegar þau fóru að skoða hann Snjólf snjókarl morguninn eftir! Gulrótarnefið var horfið! Sveskjuaugun voru horfin! Og rifsberja-munnurinn var horfinn! Langir **ísströnglar** héngu niður úr kinnum Snjólfs snjókarls. Og í snjónum sáu börnin dularfull spor. Hvað hafði komið fyrir? Hver hafði farið svona illa með aumingja Snjólf?

ísströnglar

Orðskýringar: _____

_____

_____

Spurningar úr textanum.

27. Hverju var búið að stela frá Snjólfi? _____

_____

28. Hvað sáu börnin í snjónum? _____

29. Raðaðu orðunum í rétta setningu: **fyrir Hvað ? komið hafði**

_____

30. Finndu fjögur nafnorð í textanum sem tengjast andliti.

_____

_____

31. Skrifaðu á línumar frumstig og miðstig af lýsingarorðinu **bestur**?

frumstig	**miðstig**	**efsta stig**
_____	_____	bestur

32. Tengdu:



snjóhús
snjógæs
skíði
snjór
snjóbíll
snjóbretti
snæugla
snjóflyksa
snjókarl
snjósleði

Snjór er karlkyns. Við segjum ***hann*** snjórinn (**-inn** er greinirinn)

33. Bættu **greini** við þessi karlkyns nafnorð:

snjór	snjórinn
snjóbíll	_____
snjókarl	_____
snjósleði	_____
snjógalli	_____

Þú manst að nafnorð bæta við sig *greini*.

án greinis	með greini
skógur	skógur**inn**
eyru	eyru**num**

37. Skrifaðu rétt sagnorð við myndirnar á íslensku og þínu máli.
Íslensku sagnorðin eru í rammanum.

að _____ _____ | að _____ _____ | að _____ _____

að _____ _____ | að _____ _____ | að _____ _____



að _____ _____ | að _____ _____ | að _____ _____

að _____ _____ | að _____ _____ | að _____ _____

Sagnorð
að hjálpa
að toga
að velja
að skilja
að laga
að þrífa
að bíða
að ýta
að slást
að fylgja
að læra
að týna

Nafn: _____

Hjálpsamur fugl

Einu sinni var fugl. Ekki fluggáfaður (=mjög gáfaður) eða fallegur fugl sem flaug um loftin blá. Og heldur ekki fugl með glæstar (=glæsilegar, flottar) fjaðrir og tígulegur (=myndarlegur, höfðinglegur) sem þrevtti flug (=flaug) yfir vötn og höf. Nei, heldur ósköp venjulegur fugl sem teygði fram grannan hálsinn og dróst eftir jörðinni þegar hann tíndi upp fræin. Já, heldur ótótlegur (= ljótur) fugl. Og ekki var hann heldur neinn söngfugl. Það kom ekki hljóð frá honum.

Hvorki kvak né tíst . Ekkert kurr né garg . Ekkert.

1. Finndu lýsingarorðin í textanum og skrifaðu þau: _____

_____

_____

2. Hver er fleirtalan af þessum orðum:

et. fugl	flt. _____	(kk)			
et. vatn	flt. _____	(hk)	et. fjöður	flt. _____	(kvk)
et. haf	flt. _____	(hk)	et. háls	flt. _____	(kk)

3. Bættu greini við orðin í spurningu 2. og skrifaðu hjálparorðin líka.

Dæmi:	fuglinn minn	fuglarnir mínir
	_____	_____
	_____	_____
	_____	_____
	_____	_____

4. Fallbeygðu orðið fugl í et. og flt.:

Et.			Flt.	
nf.	hér er	fugl	hér eru	_____
þf.	um	_____	um	_____
þgf.	frá	_____	frá	_____
ef.	til	_____	til	_____

5. Lýstu fuglinum í sögunni: _____

_____

_____

_____

,,Geturðu sagt mér eitt," sagði fuglinn við sólina einn daginn, ,,í hverju er ég góður? Ég er ekki fallegur og ekki virðulegur. Og ég get ekki einu sinni sungið."

,,Hmm," geislaði sólin frá sér. ,,Það er margt sem þú getur gert. Þú hefur þegið að gjöf (=fengið gefins) það sem er dálítið sérstakt. Enginn annar en þú hefur það. Ef þú leitar að gjöfinni finnurðu hana örugglega."

Næsta dag hélt fuglinn út í heiminn. Bognir fæturnir kipptust til þegar hann gekk og höfuðið gekk sífellt í rykkjum (= kipptist til) og stélið dróst eftir jörðinni. Fuglinn var í leit að gjöfinni sinni.

6. Hvernig eru þessar sagnir í nafnhætti?

Dæmi: ***borðaði*** er í nafnhætti **að borða**.

geturðu	í nafnhætti: _____	***sagt***	í nafnhætti: _____
er	í nafnhætti: _____	***hefur***	í nafnhætti: _____
leitar	í nafnhætti: _____	***finnur***	í nafnhætti: _____
hélt	í nafnhætti: _____	***gekk***	í nafnhætti: _____

7.

Skrifaðu heitin á réttar línur við myndina: vængir goggur stél bringa

8. Við hvern talaði fuglinn? _____

Lesskilningur

Innbrot á Álftanesi

Hákarlaárás

Víkingar

Vísir, 19. jan. 2009

Innbrot í verslun á Álftanesi

Brotist var inn í verslun á Álftanesi um klukkan hálf þrjú í nótt en þjófurinn tók til fótanna þegar hann sá lögregluna nálgast og hvarf út í myrkrið. Lögreglumenn sáu hins vegar spor hans í snjónum og röktu þau þó nokkurn spöl að heimili hans, þar sem hann var handtekinn og settur í fangelsi.

Honum hafði ekki gefist ráðrúm til að stinga neinu á sig áður en hann lagði á flótta en var búinn að brjóta rúðu til að komast inn.

Skrifaðu hvað orðin þýða á þínu tungumáli.

Innbrot _____ verslun _____

Brotist var inn (innbrot) _____ Þjófur _____

að taka til fótanna (að hlaupa) _____

lögregla _____ að nálgast _____

hvarf (að hverfa) _____ myrkur _____

að sjá (sá/sáu) _____ hins vegar _____

spor _____ snjór _____

að rekja (röktu) _____ þó nokkurn _____

spölur _____ handtekinn _____

fangelsi _____ ráðrúm _____

að stinga á sig _____ flótti _____

að brjóta _____

rúða _____

Svaraðu spurningunum.

1. Hvar var brotist inn?

_____

_____

2. Hver braust inn?

_____

_____

3. Klukkan hvað braust þjófurinn inn?

_____

_____

4. Hvað gerði þjófurinn þegar hann sá lögregluna nálgast?

_____

_____

5. Hvert fór þjófurinn?

_____

_____

6. Hvað sáu lögreglumennimir?

_____

_____

7. Hvar var þjófurinn handtekinn?

_____

_____

8. Hvað hafði þjófinum ekki gefist ráðrúm til að gera?

_____

_____

9. Hvað var þjófurinn búinn að brjóta?

_____

_____

10. Af hverju braut þjófurinn rúðuna?

_____

_____

Vísir, 12. jan. 2009

Ástralir hræddir vegna hákarlaárása

Ástralskir baðstrandagestir eru í uppnámi vegna þess að þrjár hákarlaárásir hafa gerst við strendur landsins á síðasta sólarhring. Hákarlaárásir eru mjög sjaldgæfar og því valda þrjár árásir á nær sama tímamikili skelfingu. Í morgun lenti kafari í því að hákarl réðst á hann suður af Sidney. Maðurinn slapp lifandi en var með um 40 sár eftir beittar hákarlstennurnar.

Kafarinn Steven Foggerty segist hafa fundið sting í annari löppinni og strax áttað sig á hvað hafði gerst. „Eg horfði niður til þess að athuga hvort lappirnar væru enn á sínum stað og sem betur fer voru þær það." Foggerty segist hafa lamið og barið frá sér af öllum mætti til þess að verja st fleiri árásum. Það bar árangur og forðaði hákarlinn sér.

Árásin á Foggerty var sú þriðja í röðinni á einum sólarhring. Hannah Mighall, þrettán ára gömul stúlka var á brimbretti við strönd á Tasmaníu þegar fimm metra langur hákarl réðst á hana. Frændi hennar sem varð vitni að árásinni sagði að honum hefði liðið eins og hann væri að horfa á hryllingsmyndina Jaws. Hákarlinn dró stúlkuna undir yfirborð sjávar að minnsta kosti tvisvar sinnum en sleppti henni að lokum. Hún var flutt á sjúkrahús með hraði og mun lifa árásina af þrátt fyrir mikinn blóðmissi.

Þriðja árásin var svo gerð á annan brimbrettaáhugamann sem var að horfa á hóp höfrunga að leik þegar hvítháfur beit hann í lærið þannig að stór hluti þess lenti í hákarlskjaftinum. Maðurinn komst mjög særður til strandarinnar og var hann fluttur með hraði á sjúkrahús.

Þá eru aðeins tvær vikur síðan stór hvítháfur réðist á brimbrettamann í Ástralíu. Dýrið beit hann og dró undir yfirborðið og hefur ekki sést til mannsins síðan.

Þessi mikli fjöldi árása hefur orsakað mikla hræðslu á meðal baðstrandagesta þrátt fyrir að hákarlafræðingar reyni að fullvissa fólk um að umhreinar tilviljanir sé að ræða og að hákörlum hafi ekki farið fjölgandi við strendur Ástralíu. Hins vegar sé mannfólkinu að fjölga og þess vegna eru fleiri á ströndunum en áður. Fjöldi dauðsfalla af hákarlabiti í Ástralíu hefur verið eins í fimmtíu ár. Um 1,2 dauðsföll eru af þeim sökum á hverju ári. Sérfræðingar benda á að mannakjöt sé ekki efst á óskalista hákarlsins, annars væri enginn öruggur í sjónum.

Skrifaðu hvað orðin þýða á þínu tungumáli.

Hákarlaárásir _____ baðstrandagestir _____ uppnám _____

Strönd (strendur) _____ sólarhringur _____ sjaldgæfur _____

Skelfing _____ kafari _____ árás (réðist á) _____

Að sleppa (slapp) _____ sár _____ beittur _____ Hákarlatennur _____

Stingur _____ athuga _____ að lemja (lamið) _____ að berja (barið) _____

Að forða sér _____ brimbretti _____ vitni _____ hryllingsmynd _____

Blóðmissir _____ að bíta (beit) _____ að draga (dró) _____ yfirborð _____

Orsakað _____ fullvissa _____ tilviljun _____ dauðsföll _____

Fjölgað (fjölgandi) _____ sérfræðingur _____ óskalisti _____ öruggur _____

Skrifaðu rétt heiti á línurnar.

Þetta er _____

Þetta er _____

Þetta er _____

Þetta er _____

Þetta er _____

Þetta er _____

Víkingarnir voru sæfarar frá Danmörk, Noregi og Svíþjóð sem dreifðu sér svo seinna um alla Evrópu og norður Atlandshafið. Þeir voru uppi á svo kallaðri víkingaöld eða frá 800 til 1100 og voru miklir landkönnuðir og námu lönd hér og þar, þar á meðal Ísland. Talið er að nafnið Víkingur hafi fest við fólk sem kom frá Vík í Noregi í upphafi aldarinnar.

Nánast ekkert er vitað um samfélag í Skandinavíu fyrir víkingatímann. Skandinavía var Danmörk, Svíþjóð og Noregur. Íbúarnir töluðu sama tungumálið, norrænu, hvort sem þeir komu frá Danmörku, Svíþjóð eða Noregi.

Um orsakir víkingaferða eru ekki vitaðar en talið er að mikil fólksfjölgun og skortur á góðu landi sé ein helsta ástæðan, einnig ævintýraþrá og fégræðgi. Einnig höfðu víkingar þróað mjög góð skip sem auðveldaði þeim að sigla á milli landa.

Víkingar sigldu frá Noregi til Íslands og voru nokkrar vikur á leiðinni Skipin voru með sæskrímsli á stefninu og trúðu víkingarnir því að það mundi vernda þá frá árásum. Skipin voru búin til úr furu eða eik. Landnámsfólk hefur þurft að flytja með sér búfé og við (tré) til húsagerðar, auk vista til einhvers tíma en siglingin til Íslands gat tekið allt frá fjórum dögum til tveggja eða þriggja vikna, allt eftir veðri og vindum

Í víkingaskólum var mönnum kennt að berjast með sverðum eða öxum og verja sig með skjöldum úr tré, til að verða góðir bardagamenn. Þegar þeir voru orðnir eldri máttu þeir nota alvöru vopn.

Flestir Víkingar voru bændur með fjölskyldu og vinnufólk. Þeir stunduðu búskap aðallega með kýr og kindur en svín voru aðallega í Danmörku. Einnig ræktuðu þeir korn, svo sem bygg, rúg og hafra og sumir ræktuðu hveiti en það þótti munaðarvara í þá daga. Auk korns ræktuðu þeir baunir og margskonar grænmeti. Víkingar borðuðu fisk og kjöt, þeir veiddu fiskin og drápu dýrin. Allir víkingar

Landnáma segir frá mönnum sem komu hingað fyrstir:

Naddoddur var líklega búsettur í Færeyjum og kom hér eftir að hafa lent í vondu veðri á skipinu sínu, kallaði landið Snæland en stoppaði stutt.

Garðar Svavarsson, sænskur maður sem kom hingað næstur, sigldi umhverfis landið og komst þannig að því að það var eyja og gaf henni nafnið Garðarshólmi. Hann smíðaði sér hús í Húsavík en fór frá Íslandi vorið eftir.

Hrafna – Flóki Vilgerðarson, var norskur maður, hann kom til Íslands til að búa hérna til framtíðar. Hann tók land í Vatnsfirði á Barðaströnd og smíðaði þar hús. Hann vissi ekki að hann þyrfti að heyja fyrir dýrin sín um sumarið og þegar veturinn kom dóu öll dýrin hans. Um vorið, áður en Hrafna-Flóki fór frá Íslandi, gekk hann upp á fjall og sá fjörð fullan af hafís og gaf landinu nafnið Ísland.

Ingólfur Arnarson er fyrsti landnámsmaður Íslands, samkvæmt skilgreiningu, af því hann var fyrstur til að setjast hérna að til framtíðar. Hann sigldi frá Noregi ásamt Hjörleifi fósturbróður sínum eftir að hafa drepið menn heima í Noregi. Ingólfur kom að landi við Ingólfshöfða en Hjörleifur við Hjörleifshöfða Ingólfur hafði áður en hann kom að landi kastað öndveigissúlum sínum fyrir borð og hét hann því að byggja sér hús þar sem goðin báru súlurnar að landi.
Eftir að Ingólfur flutti hingað nokkur hundruð landnámsmenn og þeir sem komu fyrstir tóku sér stórt landsvæði til eignar sem þeir síðan gáfu og seldu hluta af til þeirra sem komu seinna. Þeir sem síðar komu námu mun minna land, þáðu það að gjöf eða keyptu af þeim sem á undan komu .

Nokkrir helstu landnámsmennirnir: Skallagrímur Kveldúlfsson nam Borgarfjörðinn, Auður (Unnur) djúpúðga nam Dalina, Ingimundur gamli mikinn hluta Húnaþings, Helgi magri Eyjafjörðinn og Ketill hængur megnið af Rángárvöllum

Stofnun Alþingis

Íslendingabók segir frá stofnun Alþingis sem á að hafa orðið 60 árum eftir landnám Ingólfs, þ. e. árið 930 . Þar segir frá Úlfljóti sem kom hingað frá Noregi með lög, en rétt er að hafa í huga að þetta er fyrir ritöld og því hafa lögin komið hingað í minni Úlfljóts. Grímur geitskór, fóstbróðir Úlfljóts, valdi Alþingi stað á Þingvöllum, en það land hafði verið dæmt af manni vegna morðs og því almannaeign

Helsta heimild okkar um störf Alþingis er hin forna lögbók Íslendinga, Grágás og er hún varðveitt í tveimur skinnhandritum frá síðari hluta 13. aldar, þ. e. rúmum þremur öldum eftir að Alþingi er sett en vitað er að ritun laganna hófst ekki fyrr en tæpum tveim öldum eftir setningu Alþingis.

ÞÓR:

Þór er sterkastur ása, sonur Óðins og Jarðar. Hann er giftur gyðjunni Sif og saman eiga þau Móða og Þrúði. Þór á einnig soninn Magna með Járnsöxu. Hann býr að Þrúðvöngum í höll sem er stærst allra húsa.
Þór verndar æsi og menn fyrir jötnum. hann fer til jötunheima í vagni sínum og lemur tröll. Þór á hamarinn Mjöllni. Mjöllnir er allra gripa bestur.

LOKI:

Loki eða Loftur er af jötunn. Hann er mjög fallegur og undirförull, ekki hægt að treysta honum. Hann er giftur Sigyn og á með henni synina Narfa og Vála. Loki er faðir Fenrisúlfs, Miðgarðsorms og Heljar sem hann átti með tröllkonunni Angurboðu. Loki kom goðunum oft í mikil vandræði með illsku sinni og undirförli, en leysti jafnan úr þeim aftur þegar hann sjálfur var kominn í vandræði, oft með blekkingum. Loki olli dauða Baldurs með brögðum og var þá handsamaður og bundinn af goðunum.

FREYJA:

Freyja er mjög falleg og frjósemisgyðja. Hún er dóttir Njarðar og systir Freys. Óður heitir maður Freyju og dóttir þeirra heitir Hnoss. Óður hvarf og þá leitaði Freyja hans lengi meðal ókunnra þjóða. Nú grætur hún mann sinn og eru tár hennar rauðagull. Freyja býr að Fólkvangi og vagn Freyju er dreginn af tveimur köttum.. Á Freyju þykir gott að heita til ásta.

MJÖLNIR:

Mjölnir er hamar Þórs. Hann var smíðaður af dvergnum Sindra Ívaldasyni. Mjölnir er helsta vopn ása gegn ágangi jötna og hrímþursa. Þeir óttast hamarinn, enda flestir meira eða minna lemstraðir af hans sökum.

HEIMDALLUR:

Heimdallur er vörður goðanna. Hann situr við Himinbjörg og gætir Bifrastar, brúarinnar sem tengir Ásgarð við aðra hluta heimsins með regnboga.
Heimdallur er sonur Óðins og níu systra. Hann hefur tennur úr gulli. Hann á Gjallarhorn; heyrist blástur þess um alla heima. Hestur Heimdalls heitir Gulltoppur og sverð hans Höfuð.
Heimdallur sefur lítið. Hann heyrir mjög vel, til dæmis heyrir hann gras vaxa á jörðinni og ull vaxa á kindum.

Orðalisti – VÍKINGAR

Sæfari	
Dreifðu sér (að dreifa sér)	
Landkönnuður	
Námu lönd. (að nema land)	
Upphaf	
Aldarinnar (öld)	
Nánast (næstum)	
Ekkert	
Að vita (ég veit – ég vissi)	
Samfélag	
íbúar	
Orsök	
Fólksfjölgun	
Að skorta (skortur)	
Astæða	
Ævintýraþrá (ævintýri+þrá)	
Fégræðgi	
Að þróa	
Auðveldur	
Leiðin (leið)	
Stefninu (stefni á skipi)	
Trúðu (að trúa)	
Að vernda	
Arás	
Furu (fura)	
Eik	
Landnámsfólk	
Að flytja	
Húsdýr	
Viður (við)	
Vistir	
Að berjast	
Sverð	
Öxi	

Náttúrufræði

Líkami mannsins

Auðvitað

Beinagrindin

Hlutverk beinagrindar
- að við **getum staðið upp**, **setið** og **hreyft** okkur (+ vöðvar)
- **ver** liffærin (t.d. höfuðkúpan ver heilann)
- **blóðfrumur** verða til inni í beinum

Hryggurinn
- er settur saman úr **mörgum liðum**
- er utan um **mænuna**
- er eins og **dempari** á bíl



Mænan er innan í hryggjar-súlunni.

Frá henni liggja **taugaþræðir**.



Lærleggur er **stærsta** bein líkamans.

(Minnsta bein líkamans er **ístað** í eyranu)

Beinin mætast í **liðamótum**.

- Á endum beina er **brjósk**, sem er mýkra en bein.
- Utan um liðinn er **liðpoki**.
- **Liðbönd** halda beinunum saman.





Í **úlnlið** og á **rist** eru **samsettir liðir**.



Þumalfingur getur hreyfst meira en hinir fingurnir og tærnar.

Hnéð (hnjáliðurinn)
er **stærsti** liður líkamans





Brjóstkassinn er samsettur úr: - **rifbein**
- **bringubein**
- **hryggjarliðir**

Brjóstkassinn **ver** hjarta og lungu.





Hvers vegna öndum við?

Við **verðum að fá súrefni** til þess að **breyta næringu í orku** svo frumumar geti lifað.

I loftinu eru margar lofttegundir, meðal annars **súrefni** og **koltvíoxíð**.

Plöntur þurfa **koltvíoxíð** en gefa frá sér súrefni

Menn og dýr þurfa **súrefni** en gefa frá sér koltvíoxíð.

Við öndum gegnum **nef** og **munn**.
Við öndum **að okkur súrefni** og **frá okkur koltvíoxíði**.

Þegar við öndum að okkur **stækka** lungun.
Þegar við öndum frá okkur **minnka** lungun.

Við fáum súrefni og látum frá okkur koltvíoxíð þegar blóðið rennur gegnum **lungnablöðrur** í lungum.



Utan um lungnablöðrurnar eru **margar háræðar**. Þar **sækir** blóðið **súrefni** og **lætur frá sér koltvíoxíð**.

Öndunarfæri:



Til að tala eða syngja notum við **raddböndin**.



Raddböndin eru **í barkakýlinu**.

Þegar við þegjum eru raddböndin **slök**.

Þegar við tölum eru raddböndin **strengd**.

Raddböndin **titra** þegar loftið fer í gegnum þau.

Á fullri ferð *(bls.20-25)* **Við mælum lengd = lengdarmælingar**

Þýddu á þitt tungumál: að mæla = _____

mældu = _____ mæling = _____

vegalengd = _____

Í gamla daga notaði fólkið líkamann til að mæla með. **Hvað** heita þær mælieiningar?



_____ stundum kallað _____

_____

_____

_____

_____

_____ Vegalengd sem hægt var að fara á hesti á einum degi var kölluð _____

einn dagur km??

Hvað notuðu menn áður fyrr til að mæla tíma? Til dæmis

_____ _____ _____



_____ _____ _____

Hvað heita mælitækin á myndunum? Veldu rétt heiti í rammanum og skrifaðu á línurnar.

_____ _____ _____

armbandsúr	vatnsklukka	vekjaraklukka	stundaglas	eldhúsklukka	sólúr

Hvað eru margar klukkustundir (klst.) í þremur sólarhringum? _____

Hvað eru margar sekúndur (sek.) í einni klst.? _____

Hvað eru margar mínútur (mín.) í einum sólarhring? _____

Hvað er hálfur sólarhringur margar klst.? _____

Hvað eru margar mínútur frá kl. 8:00 – 12:30? _____

Hljómburður (_____)

Hvað skiptir máli (_____) fyrir hljómburð í sal/herbergi? Settu X við rétt svar.

- ☐ - hversu margir geta setið í salnum/herberginu.
- ☐ - hvernig salur/herbergi og hlutir í þeim eru í lögun (_____)
- ☐ - hvort salur/herbergi er lítið eða stórt.

Hvaða áhrif hafa ***harðir*** og ***sléttir*** fletir á hljóðbylgjur?

_____

Hvaða áhrif hafa ***mjúkir*** og ***ósléttir*** fletir á hljóðbylgjur?

_____

Hvað gerist í loftinu þegar við spilum á hljóðfæri? _____

_____

Hvar er stærsta og hljómmesta orgelið á Íslandi?

_____

Þegar við tölum í **hljóðnema** (_____) breytast hljóðbylgjur í **rafboð** (_____).

Rafboðin eru geymd í litlu dældunum (_____) á geisladiskinum (CD).

Geislaspilari sendir rafboðin í **magnara** (_____).

Magnari gerir rafboð sterkari og sendir í **hátalara**. (_____). Hátalari breytir rafboði í hljóðbylgju.

Í geimnum er lofttæmi. Þar eru engar loftsameindir til að flytja hljóð.

Geimurinn er því hljóðlaus !

Jörð, sól og stjörnur

Á nóttinni getum við stundum séð margar **stjörnur** (í et. stjarna). Fyrir 7000 árum voru menn byrjaðir að fylgjast með stjörnunum. Fram á 15. öld trúði fólk því að jörðin okkar væri í miðjunni og allar stjörnur snérust í kringum hana. Nú vitum við að jörðin er lítil reikistjarna sem snýst í kringum sólina í sólkerfinu okkar.

Sólin okkar er gríðarlega stór miðað við jörðina en hún er ekkert stór miðað við aðrar fastastjörnur. Við getum raðað _ _ _ hnöttum eins og jörðinni þvert yfir sólina.

Sól (í ft. sólir) líka kölluð **fastastjarna** (í ft. fastastjörnur)

- hreyfist ekki
- er lýsandi gashnöttur
- er heit og gefur reikistjörnum birtu

Reikistjarna (reikistjörnur)

- **snúast** í kringum sól og möttul sinn
- eru **kaldir** *hnettir* (sphere – kula – สิ่งที่เป็นรูปทรงกลม)
- sjáum þær af því þær ***endurkasta*** (reflect - Żeby odbijać - สะท้อนกลับ) **sólarljósi**
- eru úr grjóti, *málmum* (metal - Metal - โลหะ) og lofttegundum.
- sumar hafa *lofthjúp* (atmosphere - . Atmosfera – ชั้นบรรยากาศ)

sólkerfi (solar system – Słoneczny system - เกี่ยวกับดวงอาทิตย์ ระบบ).

- Í okkar sólkerfi eru **9 reikistjörnur**.

Tækni & vísindi | mbl.is | 13.9.2006 | 19:16

Plútó heitir núna 134340

Í Morgunblaðinu 13.9 mátti lesa „ að samkvæmt alþjóðlegu stjarnvísindasamtökunum í París telst Plútó ekki lengur reikistjarna og heitir nú 134340". Menn eru þó ekki alveg sáttir og ætla að hittast á árinu 2007 og reyna að ákveða hvað nákvæmlega sé reikistjarna. Ekki eru allir stjörnufræðingar á eitt sáttir um að svipta Plútó reikistjörnutitlinum. Segja þeir ákvörðunina um það hafa verið tekna með ólýðræðislegum hætti. Á næsta ári er ætlunin að efna til ráðstefnu um nýja skilgreiningu á hugtakinu „reikistjarna".

-

Reikistjörnurnar fjórar næst sólu:

- hafa *fast yfirborð* (solid surface - Stały powierzchnia (powierzchowność; powierzchowny) – แข็ง (solid) ผิวหน้า)
- eru fremur litlar

- hafa fá eða engin tungl (moon - *moon* - ดวงจันทร์)

Merkúrius **Venus** **Jörðin** **Mars**

1. Merkúrius: Er **næst** sólu.
Yfirborð: Er að mestu **úr málmum** og **alsett loftsteinagígum**. (heavily meteor cratered - Pełny *meteor* doły - ที่ลุ่มหน้าที่ ดาวตก หลุม)
Enginn lofthjúpur og því **næst heitasta** reikistjarnan.

2. Venus: *Álíka* stór og jörðin en heitara – getur orðið 480° og er **heitasta reikistjarnan í sólkerfinu..**
Yfirborð: Bæði fjöll og *sléttur* og *sennilega virk eldfjöll. Hulin* **af þéttum skýjum.**
Kölluð: **kvöldstjarna, morgunstjarna** og **ástarstjarna.**

álíka = similar - Podobny - เหมือนกัน
slétta (sléttur) = a plain - równiana - ที่ราบ
sennilega = probably - Prawdopodobnie – อย่างน่าจะเป็นไปได้
virk eldfjöll = active volcanos – Aktywny *volcanos* - ซึ่งทำงานอยู่ ภูเขาไฟ
að hylja (hulin) = to cover - Żeby nakrywać (ogarniać) - คลุม

3. Jörðin: **Eina reikistjarnan í sólkerfi okkar þar sem er líf.**
Yfirborð: Stór hluti er **sjór** (haf höf). **Jökull nyrst og syðst.**
Lofthjúpur úr nitri, súrefni og vatnsgufu.
Eitt tungl (tungl) eða máni.

Haf (höf) = sjór tungl = máni

Samfélagsfræði

Komdu og skoðaðu land og þjóð

Leifur heppni

Lífið fyrr og nú



Svona eru áttirnar á korti. N = norður
S = suður
A = austur
V = vestur

1. Skrifaðu í rétta ramma:
   - Norðurland
   - Suðurland
   - Austurland
   - Vesturland



Þegar við viljum vera nákvæmari tölum við um:
- Norðvesturland
- Norðausturland
- Suðvesturland
- Suðausturland

2. Hvar er Reykjavík á kortinu? Merktu X á kortið.

3. Strikaðu undir rétt svar:
   - Reykjavík er á Norðvesturlandi.
   - Reykjavík er á Norðausturlandi
   - Reykjavík er á Suðvesturlandi
   - Reykjavík er á Suðausturlandi



Á Íslandi er **láglendi** og **hálendi**.

4. Hvaða litur á kortinu merkir hálendi? _____

5. Hvaða litur á kortinu merkir láglendi? _____

6. Hvort er meira hálendi eða láglendi á Íslandi? _____

7. Hvort býr fólkið á láglendinu eða hálendinu? _____

8. Hvað er á hálendinu? (Nefndu 4 atriði.) _____
   _____

9. Hvar er hægt að rækta grænmeti, tún og skóg? _____

10. Hvort er veturinn lengri á láglendi eða hálendi? _____



30. Skoðaðu landakort af Íslandi. **Hvað** heita þessir jöklar?

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____
6. _____

31. **Hvaða** jökul getum við séð frá Hafnarfirði í góðu veðri?

_____

32. **Hvaða** jökull er **stærstur**?

_____

Þetta þarftu að kunna:

Hvað er .....?

jökull = Staður þar sem er þykkur ís og snjór allt árið

skriðjökull = jökull sem hreyfist (skríður) áfram

gljúfur = djúpt gil eða löng hola í jörðina sem árnar hafa oft búið til

gígur = op eða hola sem eldgos kemur upp um

láglendi = land sem liggur lágt (minna en 200 m yfir sjó)

hálendi = land sem með mörgum fjöllum (er hátt yfir sjó)

láglendi á Íslandi = þar býr fólkið og hægt er að rækta tún og gróður og hafa húsdýr.

hálendi á Íslandi = þar eru fjöll, eldfjöll, jöklar, skriðjöklar, ár og gljúfur. Þar eru villt dýr og villtar plöntur. Þar er veturinn lengri en á láglendi.

þéttbýli = þar sem margir búa

þéttbýlt land = land þar sem stutt er á milli bæja eða borga

dreifbýli = þar sem langt er á milli húsanna eins og í sveitinni

dreifbýlt land = land þar sem fáir búa á stóru svæði

náttúran = jörðin, gróðurinn, veðurfarið og dýrin

þar sem náttúran ræður = maðurinn stjórnar ekki. Allt er eins og eldfjöllin, jöklamir, veðrið, gróðurinn og villtu dýrin hafa gert landið.

Hefnd – sættir á tímum Eiriks rauða og Leifs heppna:

Maður er drepinn
- a) fjölskylda hans **hefnir** sín á þeim sem drap t.d – ráðast á hann
  - drepa hann
  - brenna bæinn hans
- b) menn sættast (**ná sáttum**) og sá sem drap greiðir **bætur** t.d. jörð eða dýr.

Orðskýringar – skrifaðu orðin á þínu máli:

að hefna sín _____

að sættast (ná sáttum) _____

bætur _____

að reiðast _____

að búast við _____

að ráðast á _____

jörð _____

að fylgjast vel með _____

að velta tunnu _____

korn (hveiti, rúgur, bygg) _____

vinna hægt _____ vinna hratt _____

eins hratt og þú getur: _____

saltað kjöt _____

þurrkað kjöt _____

reykt kjöt _____

að hrópa og kalla.

Ættartala
Óxna-Þórir
|
Úlfur
|
Ásvaldur
|
Þorvaldur
|
Eiríkur rauði
|
Leifur heppni

Ferðin til Íslands undirbúin

Þorvaldur hét maður og átti heima á Jaðri í Noregi. Hann hafði rifist við menn út af **beitarlandi** fyrir skepnur og **reiddist** svo mikið að hann drap tvo menn. Hann reyndi síðan **að ná sáttum** við fjölskyldur mannanna og vildi greiða þeim **bætur** en það tókst ekki. Hann gat þess vegna búist við því að fljótlega yrði **ráðist á** sig og fjölskylduna til **að hefna** mannanna. Hann ákvað því að flýja til Íslands með allt sitt fólk og dýr. Hann seldi **jörðina** og keypti sér nýjan knörr. Nú **voru** allir **önnum kafnir** við koma öllu **um borð** til að hægt væri að sigla sem fyrst af stað.

Sonur hans, Eiríkur, var bara 11 ára þegar þetta gerðist. Hann hafði mikið rautt hár og var því kallaður Eiríkur rauði. Nú stóð hann uppi á hól og **fylgdist vel með** því hvort hann sæi **óvinina** koma á sjó eða landi.

Það **var mikið að gerast** við knörrinn. Það heyrðust hróp og köll í fólkinu sem **vann** eins **hratt** og það gat. **Tunnum** var **velt** og þær síðan bornar **um borð** í knörrinn. Í tunnunum var **saltað**, **þurrkað** og **reykt** kjöt, fiskur, skyr, **mjöður**, öl og vatn. Harðfiskur, slátur, smjör, brauð og stórir **sekkir** með **korni** voru líka fluttir um borð. Nokkur húsdýr biðu þess að vera sett um borð og þau voru **óróleg.**

sekkur = poki

Skrifaðu orðin á þínu máli:

vinir _____	óvinir _____
rólegur _____	órólegur _____
hræddur _____	óhræddur _____
heppinn _____	óheppinn _____

Allt í einu heyrðist mikill **hávaði**. Einn af þrælunum **missti** tunnu sem hann var að bera um borð. Hún brotnaði og allur mjöðurinn rann niður. Tveir hestar urðu svo hræddir að þeir **hlupu** í burtu. ,,Sæktu hestana strax!", hrópaði Þorvaldur og **þrællinn** hljóp strax af stað.

Nú var gott að Eiríkur var uppi á hólnum því hann hafði séð hvert hestarnir fóru. ,,Þeir hlupu út í **sandhólana** fyrir norðan bryggjuna", kallaði hann til þrælsins.



Eftir nokkra stund kom þrællinn aftur, þreyttur og **sveittur**, með hestana.
Þorvaldur fór nú sjálfur með hestana um borð og **batt** þá **vel** við hliðina á kúnum. Kindur og geitur voru einnig um borð og líka hænsni og nokkrir grísir.

Tveir hundar hlupu um í **fjörunni** á meðan köttur Eiríks var **enn** heima við bæinn. Hann hafði nóg að gera við að veiða mýs sem stukku undan sekkjum og tunnum þegar þeim var lyft upp. Kötturinn **var** því **á vakt** alveg eins og Eiríkur.

1. Hvað sérðu? Skrifaðu rétt orð á línumar?



2. Skjaldbakan hleypur _____ en hérinn hleypur _____.

3. að binda _____

   að binda _____

   að binda _____

   að binda _____

Landnámsmenn(bls. 4-5)

Orðasafn:

Onumið	
Víkingaskip	
Landnámsmenn	
Húsdýr	
verkfæri	
Að lifa	
Afkomendur	
Þrælar	
Vinnufólk	
enginn	
Sveitabær	
Gróður	
Gras	
Grjót	
Sandur	
Að smíða	
Að finna (fundu, þt)	
Að sigla	
Fornminjar	

Spurningar:

1. Hvernig komu fyrstu mennirnir til landsins?

   _____

2. Hvað kallast þeir?

   _____

3. Hvað þurftu landnámsmennirnir að flytja með sér til Íslands?

   _____

4. Hvaðan komu þeir?

   _____

5. Hvað hét fyrsti landnámsmaðurinn?

   _____

6. Hvaðan kom hann?

   _____

7. Hverjir komu með honum til Íslands?

   _____

8. Hvar á Íslandi átti hann heima?

   _____

9. Hvernig var umhverfið á Íslandi þegar landnámsmennirnir komu?

   _____

10. Var þá mikill eða lítill gróður á Íslandi?

    _____

Skrifaðu rétt heiti.

Þetta er _____

Þetta er _____

Þetta eru _____

Þetta er _____

Þetta er _____

Þetta er _____

Raðaðu stöfunum þannig að þeir myndi orð og finndu leyniorðið.

NALNDÁSEMMNN (4, 6)

VKFERÆRI

VÍNKGIKPASI (2)

HÚSDÝR (10)

KMDENURAOF (7)

FIUNNVÓLK (9)

ITBASVEÆR (8)

RGÓÐRU

ÞRÆRAL (Þ, 1)

SARG

RNDAUS (3)

RANMONIRJF (5)

Leyniorðið er:

1	2	3	4	5	6	7	8	Ö	9	10

Orðarugl – finnið orðin hér fyrir neðan.

E	M	M	D	A	S	P	R	O	P	P	N	L	I	U	Y	V	I	R	V
U	U	N	Z	N	F	A	M	M	B	R	U	R	I	O	D	X	O	K	J
B	M	M	S	N	G	Y	Z	A	I	Z	P	K	W	X	K	T	G	P	T
Q	D	T	M	N	N	V	Z	K	A	G	R	U	S	V	P	P	W	F	M
L	A	R	I	B	G	R	S	A	Z	F	E	D	K	I	R	W	E	W	E
P	Q	K	I	N	S	U	L	T	A	P	S	D	W	C	B	R	W	C	Y
C	I	A	H	R	N	R	E	I	F	L	T	Y	J	A	M	K	I	U	J
V	N	S	K	E	I	E	S	N	N	B	A	K	P	I	X	E	N	C	B
O	Z	I	V	J	K	V	M	T	O	Y	R	X	N	L	U	G	F	C	H
V	P	X	I	P	K	R	I	S	T	N	I	G	V	T	I	B	A	R	H
H	M	C	B	G	Y	A	O	I	M	F	B	X	N	R	A	L	A	E	P
P	A	U	G	H	C	L	R	R	R	A	V	Q	H	F	G	J	C	W	D
L	Y	H	H	X	B	S	V	K	Y	D	N	H	E	Z	G	Q	G	S	M
S	A	U	K	V	H	H	A	A	U	N	T	D	X	R	G	M	P	F	C
W	E	J	A	D	I	I	H	I	G	K	A	R	N	L	G	W	H	X	F
Z	B	J	Q	J	Z	O	S	P	E	L	R	T	Z	A	J	K	R	I	K
Q	W	N	O	T	Z	V	R	N	O	Y	J	R	T	T	L	J	D	I	Z
K	H	P	I	Y	Y	T	R	W	X	J	T	B	F	U	Y	T	J	N	N
X	K	C	X	N	P	S	T	C	Q	G	E	X	F	X	R	M	N	T	J
G	Z	O	Q	L	U	L	P	B	L	Z	I	W	H	V	F	A	M	E	L

BISKUP
KRISTNI
VIKINGAR
SKIRN
FERMING
KRISTNITAKA
NÁTTURA
VERUR
KIRKJA
LANDNÁMSMENN
PRESTAR

Takk fyrir í dag

Lækjarskóli

Ábyrgð - Virðing - Öryggi